

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 14. ágúst 2020

Umsögn Landverndar um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd (málsmeðferð o.fl.), mál nr. 139/2020

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreind áform og styður heilshugar þær breytingar sem fyrirhugað er að gera.

Málsmeðferð friðlýsinga

Frestir til umsagna vegna friðlýsingar eru allt of langir eins og er og úr takti við aðra umsagnarfresti. Sem dæmi má nefna að frestur til að skila umsögnum um frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum er 6 vikur en þar er oft um að ræða gríðarlega umfangsmiklar framkvæmdir sem hafa mjög mikil og óafturkræf áhrif á náttúru og samfélag. Skýrslurnar eru yfirleitt yfir 100 bls. og fjalla um flókin og fjölbreytt álitamál. Áhrif friðlýsinga eru hins vegar „afturkræf“ og mikilvæg til langs tíma, umfjallanir um þær mun styttri og einfaldari og því er ekki tilefni til svo langs umsagnafrests.

Stjórn Landverndar veltir fyrir sér í þessu sambandi hvort ekki sé rétt að setja tímamörk á hversu langan tíma fagstofnanir geta gefið sér til þess að fjalla um friðlýsingar. Nú hefur Umhverfisstofnun verið með C- hluta náttúruminnjaskrár, tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúruminjar sem setja ætti á framkvæmdaáætlun náttúruminnjaskrár, í **28 mánuði**, eða vel rúmlega tvö ár. Umhverfisstofnun er skylt að skila tillögunum til Umhverfisráðherra sem leggur þær fyrir Alþingi til samþykktar. Þannig verður til framkvæmdaáætlun náttúruminnjaskrár um svæði, vistgerðir og tegundir (B-hluti) sem friðlýsa á næstu 5 árin. Á svo löngum tíma, 28 mánuðum, geta forsendur fyrir því að setja svæði á náttúruminnjaskrá breyst. Alvarlegast er þegar svæði sem hefðu hlotið skráningu og þá vernd sem því fylgir eru eyðilögð frekar. Stjórn Landverndar leggur því til að innifalið í áformuðum breytingum á náttúruverndarlögum verið að setja tímamörk á það hversu lengi Umhverfisstofnun hefur til þess að leggja tillögur Náttúrufræðistofnunar um svæði á náttúruminnjaskrá fyrir ráðherra.

Undanþágur frá friðlýsingarskilmálum

Með því að færa heimild til að veita undanþágur frá friðlýsingarskilmálum frá ráðherra til Umhverfisstofnunar er verið að koma henni til fagstofnunnar sem er best til þess fallin að taka ákvörðun um undanþágur. Fram kemur í áformunum að umsagnar Náttúrufræðistofnunar og náttúruverndarnefnda verði áfram afluð og telur Landvernd það vera nauðsynlegt. Skýra verður í lögum undir hvaða kringumstæðum Umhverfisstofnun er heimilt að veita undanþágur. Í 41. gr. náttúruverndarlaga (60/2013) eru skilyrði sem undanþágan þarf að uppfylla og Landvernd leggur til að

Þau skilyrði verði hert þannig að b. liður 1. mgr. 41. gr laga 60/2013 hefjist á orðunum „mjög áriðandi öryggissjónarmið...“. Þá verði skýrt nánar hvað „mjög brýnir almannahagsmunir“ þýðir en dæmi eru um það undanfarin ár að íslensk náttúra hefur verið eyðilögð undir yfirskeyni brýnna almannahagsmuna sem byggðir eru á mati framkvæmdaraðila eða annara hagsmunaaðila eins og sveitarfélaga¹.

Kortlanging víðerna

Landvernd og önnur umhverfisverndarsamtök hafa lengi þrýst á um að víðerni landsins verði kortlögð enda hamlar skortur á viðurkenndu víðernakorti náttúruverndarbaráttu. Stjórn Landverndar styður að skerpt verði á því í lögum að víðernin skuli kortlögð en leggur áherslu á að verkið komist til framkvæmda. Þar getur ráðuneytið þrýst á undirstofnanir sínar sem koma að málinu.

Losun úrgangs

Bann við losun úrgangs í náttúru Íslands er mjög þarft og Landvernd styður áform um að bannið verði víðtækara.

Lokaorð

Landvernd fagnar mjög fyrirhuguðum breytingum á náttúruverndarlögum og telur áform þessi vera til mikilla bóta.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ Sjá til dæmis úrskurð ÚUA vegna Brúarvirkjunar, mál 52/2019